

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 1994

Nr. 645

2626

8. desember 1994

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgar-ráðs hefur verið ákveðið

1. að stöðvunarskylda verði á Stýrimannastíg gagnvart umferð á Öldugötu,
2. að einstefna verði á Þingholtsstræti til suðurs frá Bókhöðustíg að Skálholtsstíg,
3. að banna umferð stórra bifreiða um Stigahlíð sunnan Hamrahlíðar,
4. að banna bifreiðastöður austanvert við Veltusund milli Austurstrætis og Vallarstrætis,
5. að banna bifreiðastöður við syðri götukant Hafnarstrætis milli Aðalstrætis og Veltusunds,
6. að stöðubann verði í Vallarstræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. desember 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. desember 1994.

e. u.

Sturla Þórðarson.

Nr. 646

8. desember 1994

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 476/1994 um gildistöku tilskipunar
Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki.**

1. gr.

Í lok 2. gr. komi ný málsgrein sem verði svohljóðandi: Tilskipun ráðsins 93/68/EBE frá 22. júlí 1993 og tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 eins og þær breyta tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990, öðlast gildi hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.